

**Fundargerð 13. Stjórnarfundar, sem var símafundur, haldinn 24. september 2008.**

Mættir: Anna Kristín Ólafsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir, Böðvar Pétursson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson og Þórunn Pétursdóttir og Magnús Hallgrímsson. Þórður H. Ólafsson, framkvæmdastjóri

*1. Dagskrá vistvæn hönnun á gestastofu á Skriðuklaustri.*

Á síðasta stjórnarfundum var nefnt aðfylgt yrði eftir hugmynd hönnuða að gestastofunni á Skriðuklaustri, um að húsið yrði hannað með tilliti til þess að það yrði eins vistvænt og frekast er kostur.

Haldnir hafa verið fundir með hönnunarhópnum um málið og er áhugi fyrir því að það verði skoðað frekar.

Tillaga er um að notaður verði breskur staðall BREEAM, sem bæði tekur til byggingar hússins svo og býður sá staðall upp á að reksturinn geti einnig fengið vottun. Staðallinn byggir á evrópskum byggingarreglum.

Aukalega kostar þetta 5,2 m.kr. (án vsk) í aukna hönnunarvinnu, sumt af þeirri vinnu gæti nýst við hönnun næstu gestastofa. Auk þess er það reynsla með slíkar vistvænar byggingar að þær verða eitthvað dýrari í byggingu, gróf ágiskun er 1-4%, ætla má varðandi þessa byggingu þá verði kostnaðaraukningin í hærrí kanti, og gæti orðið um 10 m.kr. (reynsla/stærð)

Reynslan (erlendis) sýnir einnig að rekstarkostnaður vistvænna bygginga er lægri en hefðbundinna bygginga, erfitt er að segja til um hver sá munur yrði í þessari byggingu, en einhver hluti aukakostnaðarins gæti skilað sér, en til viðbótar gæti ímynd hússins og þess vegna Vatnajökulspjóðgarðs sem slíks aukist verulega og erfitt að setja verðmiða á slíkt. Svo virðist sem gestastofan á Skriðuklaustri yrði fyrsta húsið hér á landi til að fá vottun alla leið skv. viðurkenndum svona staðli.

- Stjórnin einróma um við hönnun gestastofunnar á Skriðuklaustri verði tekið mið af kröfum í BREEAM-staðlinum og stefnt að vottun hússins.